Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Myndverkasafn Gunnars Sigurðssonar

GUNNAR Sigurðsson (Gunnar í Geysi) þekktu fjölmargir borgarbúar og enn fleiri könnuðust við hans sérstæðu, þokkafullu persónu. Margur vissi um hið viðamikla safn hans af íslenzkri framúrstefnulist á þeim tímum er hún nefndist óhlutlæg list, abstrakt list og geometrísk list. Hann stóð lengi fyrir Galleríi er nefndist Ásmundarsalur (í höfuðið á Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara er byggði húsið) og var við Freyjugötu, en sá hinn sami salur og húsið allt nefnist nú Myndlistarskólinn við Mímisveg.

Að Gunnar væri smekkmaður um myndlist er engum vafa bundið það gefur sýningin á safni hans að Kjarvalsstöðum þessa dagana og til 16 ágúst, greinilega til kynna, og þó er



Gunnar Sigurðsson.

þetta mislitt myndasafn og myndirnar mjög misgóðar. Stafar það sennilega af því að sýningar í Ásmundarsal voru mjög misjafnar að gæðum og Gunnar tók oft myndir upp í greiðslu sýningartímans, skilst mér, auk þess sem honum voru iðulega gefnar myndir við ýmis tækifæri af vinum sínum listamönnunum, en þá ráða ekki ævinlega gæðin né mat þiggjandans.


Í heild er þetta falleg og markverð sýning, og einkum er það þröngur hópur myndlistarmanna sem ber sýninguna uppi, enda eiga þeir sömu langflestar myndanna. Er hér átt við þá Kristján Davíðsson, Jóhannes Jóhannesson, Nínu Tryggvadóttur, Snorra Arinbjarnar, Valtýr Pétursson og Þorvald Skúlason, en þessir listamenn eiga samtals 66 myndverk af 91 sem á sýningunni eru auk einnar myndar af Gunnari sjálfum er Kristján Davíðsson málaði og Listasafn Íslands hefur lánað.

Það er eftirtektarvert hve mikill smekkmaður Gunnar var við val mynda eftir þessa listamenn og fundvís á óvnjulegar myndir eftir þá, en um leið einnig aðrar mjög einkennandi fyrir stíl þeirra á þessu tímaskeiði. Einkum hefur hann verið smekkmaður og fundvís á hið besta í list **Valtýs Péturssonar** og minnist ég þess ekki að hafa séð jafn áhrifaríka röð mynda eftir þennan málara um árabil. Má nefna fyrstu geometrísku myndirnar frá árinu 1952 „Komposition" I, og 2, ásamt „Abstraktsjón", (71, 72 og 73), unnar í temperalitum og vatnslit. Þessar myndir eru miklu sterkari í byggingu og þenslu myndflatarins ásamt samræmi í lit en flest í þeim stíl er seinna kom frá hendi Valtýs. Þá eru hinar nýrri myndir þessa málara hér mun fastari í byggingu mörgum samskonar myndum hans á líkum tíma og samræmdari í lithrynjanda.


Snorri Arinbjarnar er hér og mjög vel kynntur í vatnslitatækni, en hann á hér aðeins eina olíumynd (af 11 verkum) og eru myndir hans hver annarri betri í einfaldleik myndbyggingarinnar og sérkennilegri litameðferð.

Flestar myndir **Nínu Tryggvadóttur** eru lyriskar abstraktsjónir áferðafallegar fyrir augað, einkum nr. 48 „Brún komposition".

x **Kristján Davíðsson** á hér margt ágætra mynda, einkum eru myndir hans „Skýjaglópur" (33) og „Góð kona" frábærar og með því sérkennilegasta sem eftir hann liggur frá þessum tíma og ættu þær heima á Listasafni Íslands. — Myndir **Jóhannesar Jóhannessonar** eru fjölbreytilegar í efni, innihaldi og útfærslu, og því er þáttur hans nokkuð ósamstæður, en mjög áhugaverðar myndir eru hér á milli. Svipað má segja um



Jóhannes Jóhannesson: „Stúlka", olía 1946.



Kristján Davíðsson: „Skýjaglópar". 1948—1950.

myndir Þorvaldar Skúlasonar, sem eru úr sitt hvorri áttinni í tækni og stíl. Tvær myndir „Málverk" (86 og 88) eru mjög óvenjulegar frá hans hendi þótt hér eigi hann merkari framlög.


Ég læt hér nægja þessa mörkuðu upptalningu því að annars yrði pistillinn of langur og þurr til lestrar en vitaskuld eiga fleiri myndlistarmenn ágætar myndir á sýningunni. — En mig langar til að fjalla lítillega um heildaryfirbragð sýningarinnar sem er mjög ósamstætt, og oft er erfitt að átta sig á því hver á hvað, og sjaldan hef ég svo mjög orðið að styðjast við sýningarskrá. Þetta á sér eðlilegar orsakir enda um listamenn að ræða sem mjög voru í mótun á þessu tímaskeiði og höfðu víxlverkandi áhrif innbyrðis, svo sem jafnan vill verða um listhópa er hafa mikil samskipti og líkar skoðanir.

Á sýningunni er nokkuð um myndir er verða að flokkast undir hreinar „kópíur" af list erlendra listamanna, og grunar mig að sumir höfundanna líti ekki hýru auga til þessa tímaskeiðs listar sinnar. Slíkar myndir voru í eina tíð jafnvel sendar á sýningar erlendis og er þá skiljanlegt lágt mat erlendra á íslenskri myndlist eftir það. Heilbrigðast er að horfast í augu við staðreyndir og viðurkenna þær, — einnig að félagar þeirra báru þá slíku lofi í fjölmiðli einum að furðu sætir, svo sem fram kemur í eftirfarandi og minnistæðri setningu „List þessa málara jaðrar á köflum við snilld"...

Gunnar Sigurðsson er alls góðs maklegur fyrir hugdirfsku og einurð á erfiðum uppgangstímum nýlista á Íslandi, en ég er ekki sáttur við missagnir og oflof í formála sýningarskrár, en hún er eftir Björn Th. Björnsson, og að öðru leyti að flestu hinn læsilegasti. Í fyrsta lagi er út í hött að líkja starfi Gunnars að öllu leyti við þau erlendu nöfn er fram koma í upphafi sýningarskrár, þótt skyldleiki sé þar á milli, og af hverju einmitt þessi nöfn en ekki löng röð annarra nafna er við sögu komu á sama tíma í Evrópu. Og hér heima áttum við, vel á minnst, Ragnar í Smára hinn mikla listdýrkanda, sem óhræddur var við að kaupa hvað sem honum datt í hug og rétta að listamönnum peningafúlgur upp úr þurru út á mynd seinna, — og fleiri söfnuðu málverkum þessara og annarra manna en Gunnar og Ragnar, t.d. Sverrir Sigurðsson í Sjóklæðagerðinni, Margrét kona Þórbergs Þórðarsonar og örugglega ýmsir fleiri. Sá sýningarsalur í Reykjavík er fyrst og fremst var vettvangur hins frjóasta, allt til þess að hann var rifinn var að sjálfsögðu okkar gamli og góði Listamannaskáli, en skammarlega lítil rækt hefur verið lögð við sögu hans. Og vel að merkja höfðu ekki allir þá aðstöðu til að viða að sér myndlistarverkum sem Gunnar, og safnið afmarkast við fá nöfn og þar vantar marga er komu við sögu á þessum árum til að fylla upp í mynd nýlista á þessu tímaskeiði.

Ekki gerir það hlut Gunnars minni og ég man eftir fjölda ánægjulegra sýninga í Ásmundarsal hér fyrr á árum og verð jafnan þakklátur Gunnari Sigurðssyni fyrir frábært framlag hans til stuðnings íslenzkrar myndlistar og vinsemd í minn garð.

Bragi Ásgeirsson.



Snorri Arinbjarnar: „Alliance", vatnslitir 1942.



Valtýr Pétursson: Komposition tempera, 1952.